



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um leigutekjur vegna útleigu á Toppstöðinni síðustu 4 ár

Á fundi borgarráðs 28. janúar sl. lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksin fram eftirfarandi fyrirspurn:

"Hvað hefur Reykjavíkurborg fengið greitt vegna útleigu á Toppstöðinni í Elliðaárdal síðustu 4 ár?"

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Svar við fyrirspurn.

Reykjavíkurborg eignaðist gömlu varaafstöðina við Rafstöðvarveg 4 með samkomulagi við Landsvirkjun árið 2008. Þegar Reykjavíkurborg tók við húsnæðinu var einn leigusamningur í gildi frá árinu 2005 við Þristavinafélagið sem er félag áhugamanna sem hefur það að markmiði að varðveita flugvélar af gerðinni Douglas DC3. Voru þeir með afnot af um 190 fermetra svæði. Reykjavíkurborg samþykkti árið 2009 að leigja Toppstöðin, áhugamannfélagi hluta hússins. Markmið samtakanna er að styðja við nýsköpun á sviði iðnaðar, hönnunar og vöruframleiðslu. Toppstöðin er frumkvöðlasetur sem rekið er af áhugasamtökunum Toppstöðinni. Í Toppstöðinni hafa um 20 frumkvöðlar, í vöruhönnun og vöruframleiðslu, aðsetur sitt og vinna að fjölbreyttum nýsköpunarverkefnum Nánari upplýsingar um Toppstöðina eru á www.toppstodin.is. eru þau með afnot af um 1200 fermetra svæði. Aðrir hlutar hússins eru ílla nothæfir. Samningar eru án endurgjalds og hefur Reykjavíkurborg því ekki fengið greitt vegna útleigu.

Sjá svar til borgarráðs um sama málefni dags. 7. mars sl.

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/53b_umsogn_rafstodvarv_4_toppstod_r19020196.pdf

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu